

Reykjanesbær
Skipulagsfulltrúi (b.t.)
Grænásbraut 910
262 Reykjanesbæ

DAGS.:
1. júlí 2025

Ósk um deiliskipulagsbreytingu vegna áforma um bætta aðstöðu að Vitabraut 7

Stolt Sea Farm Iceland hf. áformar að bæta aðstöðu í fiskeldisstöð fyrirtækisins að Vitabraut 7 á Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að reisa tjaldskemmu yfir þá starfsemi sem nú fer fram utandyra á steyptu plani við núverandi mannvirki í vesturhorni lóðarinnar. Um er að ræða ísun og þvott á eldisfiski en markmiðið með framkvæmdinni er að bæta aðstöðu starfsfólks og tryggja skjól gegn veðri og ytri aðstæðum.

Á svæðinu er í gildi deiliskipulagið *Vitabraut 7 fiskeldisstöð* sem tók gildi 31. jan. 2012 en ekki hafa verið gerðar breytingar á því. Nýju tjaldskemmuna þarf að reisa utanvert við núverandi mannvirki þ.e. innan lóðar en utan byggingarreits skv. gildandi deiliskipulagi. Áformin kalla því á breytingu á deiliskipulaginu, þar sem byggingarreitur er stækkaður lítillaga og færður nær lóðarmörkum í vesturhorni lóðarinnar. Ekki er þörf á breytingum á ákvæðum skipulagsins, s.s. hvað varðar byggingarmagn, hæðir eða útlit bygginga. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Fyrir hönd Stolt Sea Farm Iceland hf. er óskað eftir heimild til að vinna deiliskipulagsbreytingu skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig að meðfylgjandi deiliskipulagsbreyting, í samræmi við ofangreint, verði tekin til meðferðar skv. skipulagslögum. Þar sem um litla breytingu er að ræða, sem hefur ekki teljandi áhrif utan lóðar, er lagt til að málsmeðferð verði skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllst, f.h. Stolt Sea Farm Iceland hf.

Erla Bryndís Kristjánsdóttir
Verkís

Fylgiskjöl:

Vitabraut 7 – stækkun byggingarreits. Deiliskipulagsbreyting. Dags. 26. júní 2025. Mkv. 1:2.000, blaðstærð A2.